

skelfing væri gaman að eiga eitt þeirra—þetta þarna—yrmlinginn þenna!”

Hún stökk ofan úr vagninum, hljóp til barnanna, þreif eitt hið yngsta—Tuvache-hjónin áttu það. Hún hóf það upp á fang sér, kysti það ákaft á skitnu kinnarnar og á flókna hárið, sem fult var mold. Og á litlu lummurnar, er hann baðaði með af öllum mætti, til að losast við þessi blíðuáttot, sem hann hafði ógeð á.

Svo steig hún upp í vagninn aftur og ók burt í skyndi. En hun kom aftur næstu viku, settist í hlaðvarpann, tók dreng-angann á fang sér, troðfyllti hann sætu brauði, gaf hinum brjóstsykur og lék sér við þau eins og dálítil stelpa, meðan bóndi hennar beið þolinmóður í laufletta vagninum.

Hún kom aftur, komst í kunningsskap við foreldrana, kom á hverjum degi með vasa fulla sætindum og smáskildingum.

Hún hét frú *Henri d'Hubrieres*.

Eitt sinn er hún kom árdegis, steig bóndi hennar ofan úr vagninum með henni. Hún gekk nú beint inn í bóndabýlið, án þess að nema staðar hjá börnunum, sem nú þektu hana vel.

Hjónin voru að kljúfa við, til að sjóða við súpuna. Þau réttu sig upp með furðusvip, buðu stól og biðu forvitin.

Konan hóf máls, skjálfandi röddu og sundurlausum orðum:

„Vinir mínir, eg kem til ykkar, af því mig langar — eg skyldi taka litla drenginn af ykkur — fara með hann með mér —“.